

Sp.

610. Frumvarp til laga

[224. mál]

um breyting á lögum nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugæymslur o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi 1969—70.)

2. mgr. 15. gr. laganna hljóði svo:

Verzlunum samkvæmt 1. málsgrein er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla. Þegar selt er farþega, sem er að leggja af stað til útlanda, skal fyrirskipa, að vörurnar séu afhentar í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum, sem kaupandi ber ábyrgð á að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrr en komið er út úr íslenskri tolllandhelgi. Enn fremur er verzlunum þeim, sem hér um ræðir, heimilt að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fram að þessu hefur Friðhafnarverzlun ríkisins á Keflavíkurflugvelli einungis verið heimilt að selja farþegum, sem eru á leið til útlanda. Með frv. þessu er lagt til, að heimildin verði víkkuð þannig, að leyfilegt sé að selja öllum farþegum, sem um friðhafnarsvæðið (transitsvæðið) fara, líka við komu til landsins. Setja verður upp sérstaka sölubúð í þessu skyni, þar sem tollfyrivöld hafa eftirlit með því, að farþegar, sem eru að koma til landsins, fari rakleitt í tollskoðun. Til sölu yrðu einungis þær vörur, sem hafðar eru á boðstólum í flugvélum, þ. e. áfengi, tóbak, sælgæti og ilmvötn. Að sjálfsgöðu er gert ráð fyrir, að hver farþegi fái keypt aðeins það magn, sem heimilt er að koma með til landsins hverju sinni, enda má segja, að í þessari ríkisstofnun verði verzlað undir tolfteiriliti.

Með tilkomu þotanna hefur flugtíminn stytzt verulega og þá um leið sá tími, sem unnt er að selja varning í flugvél. Kemur þetta óhjákvæmilega niður á almennri þjónustu við farþega, en það er hins vegar hagsmunamál flugfélaganna, að hún sé sem best.

Gert er ráð fyrir, að Loftleiðir h/f taki í notkun, um miðjan maí n. k., 2 þotur, og getur hvor um sig flutt um 250 farþega. Hefur félagið áhuga á því að hætta allri sölu, ef farþegar þeir, sem hér fara af, geta einnig fengið keyptan varning í Friðhöfninni.

Með samvinnu við íslensku flugfélögin um þessi mál, t. d. með viðtækri auglýsingastarfsemi meðal farþega félagsins, sem félögin önnuðust, má án efa efla hag allra aðila.

Reiknað er með verulegri tekjuaukningu Friðhafnarinnar, ef þetta fyrirkomulag verður lögtekið, auk þess sem staða hennar gagnvart erlendum friðhöfnum mundi styrkjast.